

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og embætti tollstjóra gera með sér svohljóðandi

samning

um árangursstjórnun.

I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og embættis tollstjóra varðandi útfærslu á lögbundnu hlutverki tollstjóra. Með honum er lagður grunnur að áætlanagerð og árangursmati á sviði tolla- og innheimtumála á grundvelli fyrirbyggjandi stefnuskjals Tollstjóri 2020 sem fylgir með samningi þessum í viðauka (fylgiskjal 1). Með þeim áætlunum, sem samningurinn kveður á um, er mótuð stefna til næstu ára. Gera skal grein fyrir árangri af starfsemi embættisins árlega í einfaldri skýrslu með samanburði við þau markmið sem sett eru samkvæmt þessum samningi og fylgiskjölum með honum.

Þessi samningur breytir í engu ábyrgð efnahags- og fjármálaráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi embættis tollstjóra eða þeim stjórnisýsluskyldum sem ráðherra og embættið hafa lögum samkvæmt.

II. Embætti tollstjóra

Embætti tollstjóra heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og er tollstjóri ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir rekstri embættisins.

Embætti tollstjóra gegnir veigamiklu hlutverki í samfélaginu með veitingu viðamikillar þjónustu á sviði tolla- og innheimtumála. Þá er tollstjóri handhafi löggæsluvalds í formi tollefirlits og verndun landamæra.

Við embætti tollstjóra starfa um 250 starfsmenn sem vinna við innheimtu skatta og gjalda, tollframkvæmd, tollefirlit og margvíslega stoðþjónustu. Hópurinn hefur fjölbreytta menntun og er á breiðu aldursbili.

Starfstöðvar embættisins eru nú tíu talsins um allt land. Flestir starfsmenn eru staðsettir í Tollhúsinu við Tryggvagötu 19. Aðrar starfstöðvar embættisins eru að Klettagörðum 23 og Stórhöfða 32 í Reykjavík, á Akureyri, Eskifirði, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Selfossi, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

III. Lögbundið hlutverk tollstjóra

Helstu ákvæði um lögbundið hlutverk tollstjóra eru að finna í tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum og í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Um hlutverk tollstjóra á sviði tollamála er einkum fjallað í 40. gr. tollalaga. Í þeirri grein kemur

fram að hlutverk tollstjóra er:

1. Að annast tollframkvæmd á landsvísu.
2. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
3. Eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
4. Aðstoð við ráðherra varðandi tollamálefni.
5. Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.
6. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði hans, sbr. 45. gr.
7. Rekstur tölvukerfis og þróun rafrænna samskipta vegna tollafgreiðslu.
8. Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við tolleftirlit.
9. Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.
10. Öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjavíðskipti.
11. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi tollfyrivalda.
12. Gerð verklagsreglna varðandi tollframkvæmd.
13. Gerð leiðbeininga um tollamálefni fyrir almenning og fyrirtæki.
14. Ákvörðun um form og efni tollskjala og eyðublaða til nota við tollframkvæmd.
15. Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Um hlutverk tollstjóra á svið innheimtumála er einkum fjallað í 111. gr. laga um tekjuskatt.

Þar kemur meðal annars fram að tollstjóri annist innheimtu skatta í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess annast tollstjóri eftirtalin verkefni sem lúta að framkvæmd við innheimtu skatta og gjalda:

1. Stefnuþróun á sviði innheimtumála á landsvísu með hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi varðandi innheimtu opinberra gjalda að leiðarljósi.
2. Samræmingar- og eftirlitshlutverk gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs, m.a. með setningu verklagsreglna. Tollstjóra er heimilt að beina bindandi fyrirmælum til annarra innheimtumanna um innheimtuaðgerðir í einstökum málum ef settar reglur eru ekki virtar.
3. Umsjón og þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnsýslu á sviði innheimtu skatta og gjalda.

IV. Meginstefna, hlutverk og framtíðarsýn

Meginstefna

Meginstefna embættis tollstjóra hefur verið mörkuð í sérstöku stefnuskjali fram til ársins 2020 (fylgiskjal 1). Byggt er á þeirri grundvallarforsendu að lögbundið hlutverk embættisins verði óbreytt á þeim tíma sem sóknaráætlunin tekur til. Framtíðarsýn tollstjóra er því mótuð með hliðsjón af því hver starfsemi embættisins er jafnframt því að horft er fram á veginn til þess hvernig þróa megi og bæta

- RMM
de

núverandi starfsemi til framtíðar. Í stefnuskjalinu Tollstjóri 2020 er einnig að finna helstu gildi tollstjóra en þeim er ætlað að vera leiðarljós í þróun embættisins á komandi árum.

Hlutverk

Með hliðsjón af ákvæðum laga hefur hlutverk embættisins verið skilgreint á einfaldan hátt undir yfirskriftinni: *Við verndum samfélagið og tryggjum ríkinu tekjur*. Með þeim orðum er bæði dregin fram sú ríka samfélagslega ábyrgð sem á embættinu hvílir og mikilvægi starfseminnar og þeirra starfa sem starfsmenn þess gegna.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn fjármála- og efnahagsráðuneytisins og embættis tollstjóra er að árið 2020 verði innheimta opinberra gjalda og framkvæmd tollamála árangursríkari, einfaldari og hagkvæmari en í dag. Lögð verði áhersla á fagmennsku og aukna samvinnu við hagsmunaðila, jafnframt því að embætti tollstjóra verði í fremstu röð á sviði rafrænnar stjórnsýslu.

V. Stefna og áherslur í einstökum málaflokkum

Í stefnuskjalinu Tollstjóri 2020 er að finna áherslur embættis tollstjóra í einstökum málaflokkum. Þar má finna stefnu í innheimtumálum og tollamálum auk mannauðsstefnu, upplýsingatæknistefnu, rekstrar- og umhverfisstefnu og þjónustu- og gæðastefnu sem allar eiga að stuðla að því að embættið geti framfylgt því hlutverki sínu að vernda samfélagið og tryggja ríkinu tekjur.

VI. Markmið og mælikvarðar

Meginmarkmið tollstjóra eru fjögur. Út frá meginmarkmiðum eru sett árangursmarkmið. Þá eru sett fram viðmið um það að hvaða árangri beri að stefna mælt í prósentum, tíma eða öðrum skilgreindum viðeigandi mælikvörðum. Fjögur meginmarkmið tollstjóra eru eftirfarandi:

- Tollframkvæmd og innheimta til fyrirmyndar.
- Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur.
- Vöxtur í krafti mannauðs og tækni.
- Árangursrík fjármálastjórn.

Um markmið og mælikvarða er fjallað með ítarlegum hætti í stefnuskjalinu Tollstjóri 2020 sem fylgir með samningi þessum í viðauka (fylgiskjal 1).

VII. Sóknaráætlun

Verkefni á sóknaráætlun

Á sóknaráætlun tollstjóra eru 25 valin verkefni sem stuðla að því að framtíðarsýn embættisins, stefnu og markmiðum þess verði náð. Verkefnin voru valin úr fjölda tillagna og ávinningur þeirra metinn út frá ákveðnum viðmiðum af yfirstjórn og hópi starfsmanna. Sóknaráætlun tollstjóra fylgir með samningi þessum í viðauka (fylgiskjal 2).

Til einföldunar í framsetningu sóknaráætlunar er aðeins eitt árangursmarkmið tilgreint fyrir hvert verkefni þó að í reynd stuðli verkefni oftast en ekki að því að fleiri en einu árangursmarkmiði verði náð.

Verkefnaskrá og verkefnisáætlun

Verkefnaskrá tollstjóra er yfirlit yfir verkefni í undirbúningi og framkvæmd hjá embættinu. Í verkefnisáætlun fyrir hvert einstakt verkefni er gerð nánari grein fyrir heildarávinningi verkefnisins. Verk- og tímaáætlun er enn fremur sett fram í verkefnisáætlun auk áætlunar um kostnað eins nákvæmlega og unnt er miðað við fyrirbyggjandi forsendur við undirritun þessa samnings.

Forgangsröðun verkefna

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og embætti tollstjóra eru sammála um nauðsyn þess að unnið verði af alúð að öllum þeim verkefnum sem er að finna í sóknaráætlun embættisins, en rétt sé þó að leggja sérstaka áherslu á verkefni sem lúta að auknu hagræði og aukinni þjónustu við einstaklinga og lögaðila sem samskipti eiga við embættið undir þeim formerkjum að þeir sem vilja vera heiðarlegir og stunda lögmæt viðskipti eigi að njóta þess. Verkefni sem stuðla að þessu fela meðal annars í sér aukna möguleika á rafrænum samskiptum, liprun viðskipta á sviði tollframkvæmdar og einföldun framkvæmdar við innheimtu skatta og gjalda og eru þau raunar til hagsbóta fyrir samfélagið allt enda fela þau ekki í sér að dregið verði úr eðlilegu eftirliti. Þvert á móti eiga þessi verkefni að stuðla að því að eftirlit verði markvissara og þannig árangursríkara gagnvart þeim aðilum sem ekki fara eftir lögum og reglum. Auk þessa er fjármála- og efnahagsráðuneytið og embætti tollstjóra sammála um að leggja skuli aukna áherslu á söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga af ýmsu tagi, meðal annars er varða afskriftir skattkrafna.

VIII. Skyldur og ábyrgð samningsaðila

Með neðangreindum áætlunum og ársskýrslu er mótaður formlegur farvegur fyrir samskipti milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og embættis tollstjóra, sbr. eftirfarandi:


- Stefnuskjalið Tollstjóri 2020 er stefnumótandi áætlun um helstu verkefni og áherslur til ársins 2020. Þessa áætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti.
- Í kjölfar þess að fjárlagafrumvarp er lagt fram á Alþingi skal embættið hefja undirbúning að gerð rekstraráætlunar fyrir komandi ár. Niðurstöður þeirrar áætlunar skulu lagðar fyrir ráðuneytið til samþykktar. Embætti tollstjóra er að leitast við að halda útgjöldum sínum innan fjárheimilda hvers árs.
- Í apríl ár hvert skal í ársskýrslu til ráðuneytisins gera grein fyrir árangri af starfi tollstjóra undanfarið ár, meðal annars með samanburði við þau markmið sett eru fram í stefnuskjalinu Tollstjóri 2020.
- Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skulu haldnir fundir skrifstofu skattamála fjármála- og efnahagsráðuneytis og embættis tollstjóra, sá fyrri í apríl (árangur á liðnu starfsári) og sá seinni í september (árangur janúar til júní). Á þessum fundum skal m.a. farið yfir sett markmið og mælingar á árangri sem þá liggja fyrir. Á þessum fundum skal jafnframt lagt mat á það hvort þörf sé á að endurskoða ákvæði samningsins, sbr. ákvæði VIII kafla.

IX. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn tekur gildi við undirskrift og gildir að óbreyttu til 1. september 2020. Um leið fellur úr gildi samningur aðila dags. 21. júní 2001. Heimilt er að endurskoða einstök efnisatriði samningsins árlega ef ástæða þykir til, meðal annars vegna breyttrar áherslu eða stefnu stjórnvalda við gerð árangursstjórnunarsamninga.

Reykjavík, 6. maí 2015


Ejarmála- og efnahagsráðherra


Tollstjóri

